

Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Fundargerð 23. fundur skólanefndar
22. nóvember 2005

Mætt: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Sigríður Finsen, Gísli Ólafsson, Guðbjörg Aðalbergsdóttir, Pétur Ingi Guðmundsson, Eypór Benediktsson, Una Ýr Jörundsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara, Björn Ásgeir Sumarliðason áheyrnarfulltrúi nemenda og Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir fundarritari.
Forföll boðuðu: Björg Ágústsdóttir og Sveinn Þór Elinbergsson.

1. Fundur settur

Kjartan Páll setti fundinn kl. 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

2. Ferðasaga

GA segir í stórum dráttum frá ferð starfsfólks FSN til Minneapolis. Heimsóttir voru þrjár mjög ólíkir skólar þar sem margt bar fyrir augu og ýmislegt sem við getum lært af og tileinkað okkur. GA lýsir í nokkrum orðum hverjum skóla fyrir sig. Einnig hittum við prófessor við University of Minneapolis en hann fjallaði mikið um tengsl milli skólanna og samfélagsins.

3. Nemendatölur

38 nýjar umsóknir hafa borist fyrir vorönn, þar af eru nokkrir að koma til baka sem voru hér í fyrravetur. Svipaður fjöldi núverandi nemenda hefur ekki valið fyrir vorönn og ætti því nemendafjöldi að haldast svipaður milli anna.

4. Skólasamningur

GA rennir yfir helstu kafla skólasamningsins sem ganga á frá við Menntamálaráðuneytið.

Í fyrsta kafla eru nokkuð staðlaður texti um stofnunina.

Í öðrum kafla er fjallað um hlutverk stofnunarinnar o.þ.h.

Í þriðja kafla er fjallað um skipulag skólans, námsframboð, hvað á að vera í skólanámsskrá og meginviðfangsefni sjálfsmats.

Í fjórða kafla er fjallað um hvernig nemendafjöldi ákvarðast.

Í fimmta kafla er fjallað um námsframboð, þar koma fram brautirnar sem við erum með.

Í sjötta kafla er fjallað um sérverkefni t.d. að við erum þróunarskóli.

Í sjöunda kafla er fjallað um húsnæði stofnunarinnar.

Nemendatölur eru stærsta málið hjá okkur þar sem erfitt er að segja til um hvernig málin þróast næstu 2-3 árin.

5. Önnur mál

- ✓ Rætt um stækkun eða breytingu á húsnæði fyrir haustönn 2006.
- ✓ Fyrirspurn um stofnfund samtaka um skólaþróun, UYJ segir frá því helsta.
- ✓ Rætt um að ákveða þurfi dagsetningu fyrir kynningarfund fyrir sveitastjórnarmenn á Snæfellsnesi. Væri gott að hafa snemma í janúar.

- ✓ Verið er að skoða útgáfu bæklinga, í framhaldi af því þarf að huga að því hvernig við viljum kynna skólann t.d. til foreldra. Í framhaldi af heimsókn starfsmanna til USA kom sú hugmynd að tengja þyrfti skólann betur við samfélagið í kringum okkur.
- ✓ Rætt um stöðu mótuneytis, samningar lausir um áramót.
- ✓ Minnt á að setja þarf upp skilti vegna myndavélavöktunar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Næsti fundur þriðjudaginn 17. janúar 2006 kl. 16:30.